



# LEIKSKÓLINN Í STYKKISHÓLMÍ

## SKÓLANÁMSKRÁ



VIRÐING

GLEÐI

KÆRLEIKUR



Hugmyndafræðin á bak við **uppsetninguna á skólanámskránni** er sú að hver síða er sjálfstæð, þannig að auðvelt er að prenta út eina síðu og vinna með hana. Þegar endurskoða á námskrána er hægt að taka hverja síðu fyrir sig, breyta henni og setja inn aftur.

Einnig er vakin athygli á því að hér er í flestum tilvikum **notað orðið kennari** yfir alla starfsmenn leikskólans og er það gert til að ítreka það að allir koma að námi barnanna, hvort sem þeir eru faglærðir eða leiðbeinendur.

**Ingibjörg E. Jónsdóttir**, fyrrverandi leikskólastjóri sá um uppsetningu þessarar skólanámskrár og úrvinnslu texta af vinnugögnum kennara og stuðningsritum.





# Efnisyfirlit

Leikskólinn í Stykkishólmi.....	5
Hlutverk leikskóla og leiðarljós.....	6
Grunnþættir menntunar.....	8
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.....	9
Hugmyndafræðilegar áherslur leikskólans.....	10
Leikur, nám og námsumhverfi.....	12
Kennarinn.....	13
Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	14
Læsi og samskipti.....	16
Heilbrigði og vellíðan.....	18
Sjálfbærni og vísindi.....	20
Sköpun og menning.....	22
Leiðirnar í starfinu.....	24
Mat á námi og velferð barna.....	26
Sérkennsla – stoðþjónusta.....	27
Börn með annað móðurmál en íslensku.....	27
Fjölskyldan og leikskólinn.....	28
Fjölskyldustefna Stykkishólmsbæjar.....	29
Tengsl skólastiga.....	30
Samstarfsaðilar.....	31
Mat á leikskólastarfi.....	32
Innra mat.....	32
Ytra mat.....	32
Að lokum.....	33



Stykkishólmur, febrúar 2018



# Leikskólinn í Stykkishólmi

**Leikskólinn í Stykkishólmi** er við **Búðanesveg 2** og flutti í það húsnæði 8. janúar 2007. Leikskólinn var byggður sem þriggja deilda leikskóli, en vegna fólksfjölgunar var haustið 2017 bætt við einni lausri kennslustofu. Deildir leikskólans heita **Vík, Nes, Ás og Bakki**. Miðað er við að hafa deildar sem mest aldurshreinar, en þar sem árgangar geta verið misstórir þá getur þurft að jafna fjölda barna á milli deilda.

**Rekstraraðili leikskólans er Stykkishólmsbær** og starfar hann samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ásamt reglugerðum er varða þau lög. **Skólanefnd** fjallar um málefni leikskólans. Í nefndinni sitja fimm aðalfulltrúar sem eru kjörnir af bæjarstjórn og aðrir fimm eru til vara. Bæjarstjóri, skólastjórar leik- og grunnskóla, fulltrúar kennara og fulltrúi foreldra barna í leik- og grunnskóla eiga rétt á að sitja fundi nefndarinnar og eru með málfrelsi og tillögurétt.

**Skólastefna Stykkishólmsbæjar** var samþykkt af bæjarstjórn í júní 2016. Þar kemur fram eftirfarandi framtíðarsýn: „**Markmið bæjarins er að eiga skóla og tómstundastarf sem einkennist af fjölbreyttu og skapandi starfi þar sem stöðugt er unnið að umbótum af metnaði. Velliðan barna og starfsfólks, einstaklingsmiðað nám og góður námsárangur skal vera í fyrirrúmi. Þá skal efla samstarf innan og á milli skólanna, í æskulýðs- og íþróttastarfi, við samfélagið og heimilin. Áhersla er lögð á fagmennsku, góðar starfsaðstæður, gagnkvæma virðingu, jafnrétti, mannréttindi og lýðræðislega starfshætti.**”

**Ný aðalnámskrá** fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla var gefin út af Mennta- og menningamálaráðuneytinu í maí 2011. Hluti aðalnámskrár er sameiginlegur fyrir öll þrjú skólastigin og er þar fjallað um hlutverk aðalnámskrár, almenna menntun, mat og eftirlit. Í kaflanum um almenna menntun eru meðal annars teknir fyrir sex grunnþættir sem eiga að mynda kjarna menntastefnunnar fyrir öll skólastigin, þeir eru: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Hvert skólastig er síðan með sér hluta þar sem nánar er farið í inntak og viðfangsefni skólastarfsins í samræmi við aldur og þroska barna. Í leikskóla á að sinna grunnþáttunum innan náms sviða, grunnskóla innan námsgreina og framhaldsskóla í námsáföngum.

**Út frá lögum og reglugerðum** um leikskóla, aðalnámskrá og stefnumótandi samþykktum skólanefndar ber leikskólanum að móta sína skólanámskrá. Í skólanámskránni á að koma fram nánar hvernig uppeldis- og menntastarf er unnið, samskipti við börn, kennara, foreldra og samfélagið. Einnig á að fjalla um mat á leikskólastarfinu, því tryggja á að réttindi barna séu virt samkvæmt lögum um leikskóla.

**Skólanámskrá Leikskólans í Stykkishólmi** er unnin undir forystu leikskólastjóra. **Allir kennarar leikskólans** koma að gerð námskrárinnar. **Börnin** koma að skólanámskrárvinnunni með umræðum, teikningum og ljósmyndum úr starfi þeirra og unnið er út frá niðurstöðum á könnunum meðal **foreldra**.

**Skólanámskráin** er ætluð til að auðvelda kennurum að ná markmiðum leikskólans. Einnig á hún að veita foreldrum og öðrum sem hafa áhuga á uppeldisstarfinu innsýn í það starf sem unnið er með börnum í leikskólanum. Námskráin er tæki sem leikskólakennarinn nýtir sér í áætlanagerð og skipulagningu viðfangsefna og í mati á vinnu sinni með börnum. Skólanámskráin á að vera lifandi skjal og í sífelldri endurskoðun.

Á heimasíðu leikskólans <http://leikskoli.stykkisholmur.is> er skólanámskráin öllum aðgengileg.





# Hlutverk leikskóla og leiðarljós

Leikskólinn er skilgreindur sem **fyrsta skólastigið**, þó svo hann sé ekki skylda. Leikskólinn er **réttur** barna, en val foreldra og er hann **fyrir öll börn** óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu og trú.

Samkvæmt 2. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er **markmið leikskólastarfs** eftirfarandi:

*„Í leikskólanum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.“*



**Leikskólastjóri** er faglegur leiðtogi sem á að vera í forystu um að þróa metnaðarfullt leikskólastarf í samvinnu við kennara, börn, foreldra og nærsamfélag.

Leikskólastjóri ber jafnframt ábyrgð á rekstri og daglegri stjórnun leikskólans.

**Leikskólakennarar og aðrir kennarar** eiga að vera leiðandi í mótun leikskólastarfsins.

Kennarar eru mikilvægar fyrirmyndir barna í starfi og samskiptum, því má segja að ánægðir kennarar í góðu jafnvægi séu besta fyrirmyndin.

Kennurum ber að virða hvert barn og skapa þeim tækifæri til að þroskast og njóta æsku sinnar á sínum forsendum.



Í **leikskólastarfi** fléttast umönnun, uppeldi og menntun saman í eina heild, þar sem hverju barni er sýnd virðing og umhyggja. Rík áhersla er lögð á það að börnin séu fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans.

Leikskólabörn eru ólík og í starfi leikskóla ber að leggja áherslu á styrkleika barna og hæfni, ásamt þörfum þeirra fyrir hvatningu, vernd og leiðsögn kennara.

Í aðalnámskrá leikskóla eru **leiðarljós** sem eiga að vísa veginn í leikskólastarfinu og má sjá þau í heild sinni á næstu blaðsíðu.



### Í aðalnámskrá leikskóla koma fram eftirfarandi leiðarljós sem eiga að vísa veginn:

- Leikskóli á að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem starfsfólk, foreldrar og börn eru virkir þátttakendur og hafa áhrif á ákvarðanir um málefni leikskólans.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags.
- Leikskóli á að vera félags- og menningarlegur vettvangur þar sem þjóðararfur og gildi íslensks samfélags skipa veglegan sess.
- Leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.
- Starfshættir leikskóla eiga að taka mið af umhverfi leikskólans og því samfélagi sem hann er í. Jafnframt á leikskólinn að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og hafa áhrif á það.
- Leikskólastarf skal byggjast á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum.
- Virða skal rétt allra sem þar dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og leitast við að koma til móts við þarfir allra.
- Menntun til sjálfbærni á að endurspeglast í öllu starfi leikskóla í virku samstarfi við heimili og nærsamfélag.
- Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.
- Í leikskóla á að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmynd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.
- Í leikskóla á að byggja á reynsluheimi barna og skapa þeim merkingarbæra reynslu.
- Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að virðingu barna fyrir náttúru og umhverfi sínu.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við fjölbreytt verkefni sem bjóða upp á margar lausnir og hvetja til rannsókna og ígrundunar.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til gagnrýnnar hugsunar og gefa börnum færi á að virkja sköpunarkraft sinn.
- Í leikskóla á að hvetja börn til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákni.
- Í leikskóla á að skapa aðstæður fyrir börn til að leika sér svo að þau fái svigrúm fyrir ímyndunarafl sitt og sköpun.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja börn til að tjá sig og hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri.
- Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið.



# Grunnbættir menntunar

„Grunnbættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnbættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það”

Úr aðalnámskrá leikskóla 2011

## Læsi

„Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.”

## Sjálfbærni

„Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar...”

## Heilbrigði og velferð

„Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi... Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.”

## Lýðræði og mannréttindi

„Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggi skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna..., grenndarsamfélagi innan sveitafélags eða hverfis...”

## Jafnrétti

„Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum... að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.”

## Sköpun

„Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna... getur notið sín. Hamingja og gleði liggur í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild.”





# Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna fjallar um mannréttindi barna og er alþjóðlegt barnvænt sjónarmið okkar tíma. Sáttmálinn viðurkennir það að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi og hefur að geyma ýmis grundvallarréttindi. Hann á að tryggja að öllum börnum upp að 18 ára aldri sé veitt sérstök vernd og umönnun. Í barnasáttmálanum er réttindum barna gróflega skipt í þrjá flokka: vernd, umönnun og þátttöku og er einnig talað um grundvallarreglurnar sem eru fjórar, þ.e. 2., 3., 6. og 12. grein.

## Vernd

„Barnasáttmálinn kveður á um vernd tiltekinnar grundvallarmannréttinda barna, svo sem réttinn til lífs, friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs, félaga-, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsis.“

## Umönnun

„Barnasáttmálinn leggur þær skyldur á aðildaríkin að grípa til aðgerða til að tryggja velferð barna, m.a. á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála.“

## Þátttaka

„Barnasáttmálinn tryggir börnum rétt til þess að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum sem varðar þau með einum eða öðrum hætti. Taka ber tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.“

## 2. grein Jafnræði – bann við mismunun

„Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða athafna foreldra þeirra.“

## 3. grein Það sem barninu er fyrir bestu

„Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Aðildaríki eiga að sjá til þess að stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett, sérstaklega um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón.“

## 6. grein Réttur til lífs og þroska

„Sérhvert barn á meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildaríkin tryggja að það megi lifa og þroskast.“

## 12. grein Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif

„Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.“



## Hugmyndafræðilegar áherslur

Leikskólinn í Stykkishólmi **byggir á gömlum merg**. Þann **7. október 1957** stofnuðu St. Franciskussysturnar leikskóla í hluta af húsnæði St. Franciskusspítalans. Hann starfaði á veturnar og var ætlaður börnum undir skólaskyldualdri. Jókst þessi starfsemi ört, frá því að vera 12 börn 1957 til þess að vera orðin 60 að tölu 1963. Þrengslin voru því orðin mikil og því var ráðist í það 1967 að byggja sérstakt hús samtengt spítalanum til að hýsa leikskólann. Í þeirri byggingu fór starfsemin fram þar til í janúar 2007.

Til að byrja með voru aðallega tvær systur, þær Systir Harriet og Systir María Elísabet, sem sáu um leikskólann. Það var hinsvegar fljótlega upp úr 1967 sem að **uppeldismenntuð nunna** frá Belgíu kom og sá um reksturinn, það var Systir Lovísa. Almennum starfsmönnum fjölgaði einnig ört. Nánar má lesa um sögu Leikskólans í Stykkishólmi á heimasíðu skólans.

Stykkishólmur tók alfarið við leikskólanum 1. ágúst 1997, en eftir 40 ára farsælt starf situr margt gott eftir sem hefur áhrif á hugmyndafræði leikskólans.

Leikskólinn í Stykkishólmi er staðsettur í **bæjarfélagi sem leggur áherslu á umhverfismálin** og var fyrsta sveitafélagið á Íslandi að innleiða flokkun á öllu heimilissorpi og moltugerð lífræns úrgangs frá heimilum bæjarins.

Bæjarbúar Stykkishólms leggja jafnframt metnað sinn í að **varðveita umhverfi sitt og sögu** svo komandi kynslóðir fái notið þeirra.



Stykkishólmsbær hefur sett sér **metnaðarfulla skólastefnu** og þar segir m.a.: „*Skólarnir í Stykkishólmsbæ starfa eftir hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og leggja grunnþætti menntunar... til grundvallar í starfi sínu. Starfsfólk skólanna leggur áherslu á fjölbreyttar aðferðir og nálganir í skóla- og uppeldisstarfi til að auka líkur á að komið sé til móts við þarfir sem flestra barna. Lögð er áhersla á hollustu, hreyfingu og góðar starfsvenjur.*”

Ákveðin forgangsverkefni eru sett til næstu fimm ára og eru lykilorðin: **sjálfstraust og trú barna á eigin getu, samstarf milli skólastiga** (og við þá sem vinna að íþrótt- og æskulýðsmálum), **útinám, þekking á sögu, atvinnulífi, mannlífi, umhverfi og náttúru Stykkishólms, sjálfbærni og umhverfisvernd, samstarf og þátttaka foreldra, samstarf við eldri borgara, bókasafnsfræðsla** og að skólastarf tengist viðburðum bæjarins.



Mikil áhersla er á að nýta og njóta bæjarfélagsins í heild í námi barna og því á vel við gamla máltækið **það þarf heilt þorp til að ala upp barn.**



Leikskólinn í Stykkishólmi **styðst við kenningar margra fræðimanna** eins og Jean Piaget, John Dewey og Lev Vygotsky. **Félagsleg hugsmíðahyggja** er meðal annars kennd við þessa fræðimenn, en hún leggur áherslu á að:

- barnið sé **virkt í þekkingarleit** sinni og að það læri meira og betur **í samvinnu** við aðra en eitt og sér,
- tekið sé **tillit til reynslu og þekkingar** barnsins, þar sem það byggir nýja þekkingu ofan á þá sem fyrir er,
- námsumhverfið sé **auðugt, hvetjandi og opið**,
- verkefni og sköpun barnsins þurfi að **vera áþreifanleg** þannig að barnið geti sýnt það öðrum og kynnt, t.d. með afurð eða skráningu,
- hlutverk kennarans sé að **styðja, hvetja og leiðbeina** barninu, ásamt því að **skapa gott námsumhverfi og vera góð fyrirmynd**.

Við búum í **fjölmenningarlegu samfélagi** þar sem ólíkir einstaklingar með margvíslega menningu búa og starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Í fjölmenningarlegu samfélagi er því fjölbreytt reynsla, þekking og færni. Í starfi leikskólans er litið til **fjölgreindarkenningu Howard Gardners** sem tekur tillit til margbreytileikans. Áherslan í fjölgreindakenningunni er að einstaklingar eru ólíkir að upplagi og styrkurinn liggur á misjöfnum sviðum. Gardner skiptir greindinni niður í; **málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind**.

Í skipulögðu starfi leikskólans er unnið eftir **könnunaraðferðinni** þar sem hún fellur að hugmyndafræði skólans. Í könnunaraðferðinni er unnið út frá því að hvert barn fái tækifæri til að nýta hæfileika sína og rannsaka, skoða og kanna á sínum forsendum. Hugmyndafræði könnunaraðferðarinnar er einnig undir miklum áhrifum **Reggio Emilia** og stefnir því leikskólinn á að þróa starf sitt nær þeirri hugmyndafræði.

**Stefna Leikskólans í Stykkishólmi** er að vera með öflugt og metnaðarfullt starf sem **styrkir sjálfstraust og trú barna á eigin getu, styrkir sjálfmynd** þeirra og stuðli að því að þau verði **virkir þegnar** í lýðræðissamfélagi sem ber virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru.

**Sýn leikskólans** – litið er á börn sem virka, hugmyndaríka og skapandi einstaklinga sem taka öflugan þátt á sínum forsendum í lærdómssamfélagi leikskólans og byggir upp þekkingu sína í samvinnu við fullorðna og önnur börn.

**VIRÐING – GLEÐI – KÆRLEIKUR** eru gildin sem einkenna samskipti og allt starf leikskólans.

**Áhersla leikskólans í starfi sínu** er á umhverfis- og náttúruvitund og sköpun og læsi í víðum skilningi.



# Leikur, nám og námsumhverfi


Í aðalnámskrá leikskóla segir m.a.: „**Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra.**”

„Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Í leik eflast vitræni og skapandi þættir. Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar.”



Leikurinn er réttur barna og er meðal annars kveðið á um það í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að aðildaríki skulu viðurkenna rétt barna til að stunda leiki sem hæfa aldri þeirra (31.gr.).

Leikurinn er börnum eðlislægur og sjálfsprottinn. Leikurinn er það sem starf leikskólans snýst um. Með virkri þátttöku barna í öllu starfi leikskólans, hvort heldur er í skipulögðu starfi eða daglegum athöfnum, þá er verið að auðga reynslu þeirra. Í leik nýta börn reynsluna og gera tilraunir með hana, ein og sér eða í leik með öðrum börnum. Þannig er leikurinn aðalnámsleið barna.



Námsumhverfi leikskólans er skipulagt með það í huga að börn hafi gott aðgengi að þeim efnivið sem er í boði. Áhersla er á að vera með opið leikefni s.s. margskonar kubba og verðlaust efni, þannig er verið að ýta undir hugmyndaflug og sköpun barnanna. Jafnframt er mikið af hefðbundnu leikefni og eru sum frá tíð St. Franciskussystranna. Einnig eru bækur, spil og margskonar leikefni í boði þar sem leikskólinn er ríkulega búinn eftir 60 ára starfsemi.

Húsnæði skólans er hannað með starf leikskólans í huga og tóku kennarar þátt í þeirri hönnun. Lóðin er vel skipulögð með leiktækjum og náttúrulegum efnivið.

Stykkishólmur í heild sinni er hluti af námsumhverfi barnanna og er vel nýttur til margskonar rannsóknarvinnu og könnunarleiðangra.

Hið efnislega umhverfi er einn hluti af námsumhverfi barna, hinn hlutinn er það andrúmsloft sem er ríkjandi. Lögð er áhersla á að andrúmsloftið einkennist af opnum umræðum og skoðanaskiptum þar sem virðing, gleði og kærleikur einkenna öll samskipti.



# Kennarinn



Í aðalnámskrá leikskóla 2011 segir meðal annars: „*Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt, m.a. með því að:*

- *skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa,*
- *gefa leik nægan og samfelldan tíma,*
- *gefa leik nægjanlegt rými svo að börnin hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik og dýpka,*
- *styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga,*
- *eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik,*
- *vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra,*
- *styðja við og efla jákvæð samskipti í leik,*
- *sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni.”*

Allir kennarar leikskólans gegna **veigamiklu hlutverki** í leik, námi og námsumhverfi barna. Þeir eru **fyrirmyndir barna í háttum, samskiptum, umgengni og tali**. Kennarar þurfa jafnframt að vera meðvitaðir um að **bjóða upp á efnivið, samræður, upplifanir og reynslu** sem eflir börnin. Kennarinn er **leiðbeinandi og samverkamaður** barna sem styður þau við að **byggja upp þekkingu** sína meðal annars með því að **hvetja þau, spyrja opinna spurninga** og bjóða upp á **ögrandi viðfangsefni**.

Gildi leikskólans eru **virðing, gleði og kærleikur**. Gildin eiga að vera **einkennandi í öllum samskiptum**. Kennarar leikskólans settu niður **samskiptasáttmála** út frá gildunum og er hann eftirfarandi:

## Samskipti kennara við börnin:

- að talað sé við börnin af virðingu
- að kennarar gæti ætíð orða sinna í tali við börnin
- að skoðanir barnanna og hugmyndir séu virtar og þau hvött til virkrar þátttöku
- að einkalíf barnanna sé virt.
- að kenna börnunum að nota orð til að leysa ágreining
- að hrósa börnunum með lýsandi hætti
- að umgangast börnin af einlægni og nærgætni
- að samskipti við börnin byggist á jákvæðum aga og stuðli þar með að jákvæðri sjálfsmýnd þeirra og sjálfstrausti
- að börnunum sé kennt að koma fram af virðingu og umburðarlyndi við aðra
- að hverju barni sé mætt þar sem það er stöð í þroskanum og þau fái tækifæri til að rækta hæfileika sína og styrk út frá áhuga þeirra
- að gleði og jákvæðni einkenni allt daglegt starf í leikskólanum

## Samskipti á milli kennara:

- að kennarar komi fram af heiðarleika, virðingu og kurteisi við hvern annan
- að samskipti allra einkennist af virðingu, gleði og kærleika
- að kennarar tali af virðingu til annarra, við aðra og um aðra
- að kennarar séu góðar fyrirmyndir í samskiptum
- að samskipti kennara einkennist af gleði, jákvæðni og hjálpssemi
- að kennarar virði skoðanir hvors annars og hlusti á hugmyndir annarra
- að kennarar geti tekið gagnrýni og leggi sig fram um að vera lausnamiðaðir
- að kennarar sýni áhuga á starfi sínu og það endurspeglar í gleði, samábyrgð og góðri liðsheid

## Samskipti kennara við foreldra:

- að foreldrum séu gefin tækifæri til að taka þátt í starfi leikskólans og hlustað sé á tillögur þeirra
- að kennarar sýni foreldrum virðingu, nærgætni og tillitssemi
- að kennarar hlusti á óskir foreldra varðandi þroska og nám barna þeirra og einstaklingsnámskrár séu unnar í samvinnu út frá því
- að foreldrar upplifi að börn þeirra séu velkomin í leikskólann og öllum sé mætt með gleði og góðu viðmóti



# Samþætt og skapandi leikskólastarf

Leikskólinn í Stykkishólmi starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 þar sem áhersla er lögð á gildi leiksins. Jafnframt er tekið mið af **grunnþáttum menntunar, leiðarljósum leikskóla og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**. Allt þetta fléttast saman í námssviðunum sem eiga að mynda samþætt og skapandi leikskólastarf, ásamt **hugmyndafræði og áherslum** leikskólans og því **umhverfi** sem hann er í.

Námssvið leikskólans eru:

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla 2011 eiga námssviðin að:

- „vera hluti af leik barna,
- vera samþætt daglegu starfi leikskólans,
- vera heildstæð og byggjast á reynslu barna,
- byggjast á áhuga barna og hugmyndum,
- taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms,
- vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna,
- hvetja til samvinnu og samstarfs,
- stuðla að sjálfstæði og frumkvæði,
- hvetja til ímyndunar og sköpunar,
- vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana,
- vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna,
- efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni,
- stuðla að sterkri sjálfsmýnd og sjálfsþekkingu,
- stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði.“



Stefna Leikskólans í Stykkishólmi er að vera með öflugt og metnaðarfullt starf sem **styrkir sjálfstraust og trú barna á eigin getu, styrkir sjálfsmýnd** þeirra og stuðli að því að þau verði **virkir þegnar** í lýðræðissamfélagi sem ber virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru.

Markmið leikskólans eru meðal annars:

- að **styrkja sjálfsmýnd** barna með því að ýta undir virkni þeirra,
- að vera með **lýðræðislegt starf** þar sem börn hafa áhrif á umhverfi sitt og viðfangsefni,
- að ýta undir **sköpunarmátt** barna og frumkvæði,
- að **gildi leikskólans** ; virðing, gleði og kærleikur flæði um í leik og starfi skólans.





## Læsi og samskipti

„Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmýnd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.“

Úr aðalnámskrá leikskóla



### Raddir foreldra – hvað viltu að barn þitt læri í leikskólanum – hvað er mikilvægt?

- Að barnið fái að njóta sín í leik.
- Að barnið kynnist sögum og lestri almennt.
- Samvinnu.
- Kurteisi og jákvæð hegðun.
- Sjálfstæði.
- Að standa með sjálfum sér.
- Falleg samskipti – náungakærleik.
- Læri að deila með öðrum og sýna öðrum virðingu.
- Læra að vinna í hóp og sýna tillitssemi.

„Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að:

- eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum,
- endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi,
- tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði,
- kynnast tungumálinu og möguleikum þess,
- njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,
- þróa læsi í víðum skilningi,
- öðlast skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu,
- deila skoðunum sínum og hugmyndum,
- nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar,
- velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.“

Úr aðalnámskrá leikskóla



### Raddir barna

„Til að maður geti verið góður við félagi sinn og líka leikið sér einn.“

„Til að leika saman.“

„Læra hvað klukkan er í leikskólanum.“

„Leika mér.“

„Skrifa og tala.“

„Til að ég geti leikið við aðra krakka.“

„Svo að vinir geti leikið saman.“

„Byrja að læra að lesa.“

„Skólastund.“

„Af því að við vinnum á Nesi.“





Í úttekt sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið segir m.a.: „Skipuleg málörvun og þjálfun í íslensku fer fram í leikskólanum bæði með markvissum málörvunartímum og einnig samþætt í allt skólastarfið með vísum, þulum, söng og öðrum hefðbundnum hætti. Börnin hafa aðgengi að bókum, þeim eru sagðar sögur og þau fá tækifæri til að tjá sig og eiga samskipti í töluðu máli. Listilega gerðar loðtöflur frá fyrri tíð eru notaðar bæði til að segja börnunum sögur en einnig til þess að hvetja þau í spunatjáningu. Talmeinafræðingur kemur með reglubundnu millibili í leikskólann og er hann þá ráðgefandi fyrir kennara og foreldra og leggur upp þjálfun þeirra barna sem á þurfa að halda.“

Leikskólabörn eiga að fá ríkuleg tækifæri til að:	Leiðirnar eru meðal annars:
Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Yngstu börnin koma með myndir að heiman af sjálfum sér og sínum nánustu – það skapar tækifæri til umræðna og frásagna</li> <li>• Í daglegu starfi er lögð áhersla á almenna kurteisi og tillitssemi</li> <li>• Í öllum samskiptum er lögð áhersla á virðingu og kærleika</li> <li>• Vinátta – við erum vinir</li> </ul>
Endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin eru hvött til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákn</li> </ul>
Tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Í frjálsum leik er í boði margskonar efniviður til að efla túlkun barnanna og upplifanir</li> <li>• Loðtöflusögur eru í boði, sögupokar og margt fleira</li> </ul>
Kynnast tungumálinu og möguleikum þess	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin leika sér með málið og markvisst er farið í margskonar orðaleiki til að efla málvitund þeirra</li> </ul>
Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Í daglegum samverustundum er lesið fyrir börnin og sagðar sögur</li> <li>• Skráning að heiman</li> <li>• Mikið er sungið og markvisst kenndar þulur</li> </ul>
Þróa læsi í víðum skilningi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Í samskiptum eru börnin að læra að lesa tilfinningar, tillitssemi og vináttu</li> <li>• Í útiveru og vettvangsferðum læra börnin að lesa í náttúruna og umhverfið</li> <li>• Þegar lesnar eru bækur og myndir sýndar þá læra börnin að lesa úr myndunum</li> </ul>
Öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestarahvetjandi umhverfi þar sem hlutir eru merktir og letur sýnilegt</li> <li>• Bækur aðgengilegar</li> <li>• Ritföng aðgengileg</li> </ul>
Deila skoðunum sínum og hugmyndum	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Áhersla er á að börnin segi frá og taki þátt í að skipuleggja starfið</li> <li>• Börnin semja sögur og ljóð</li> <li>• Börnin taka þátt í að setja þær reglur sem ríkja</li> </ul>
Nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Markvisst er notað tákn með tali</li> <li>• Bækur og tölur eru nýttar í upplýsingaleit</li> <li>• Tölur, spjaldtölur, skjávarpi o.fl. er nýtt til að börnin geti komið hugmyndum sínum á framfæri</li> </ul>
Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Barnahópurinn er af ýmsum þjóðernum, fánar og þjóðhátíðardagar þeirra þjóða sem börnin tengjast eru sýnilegir og tækifæri skapað til að fræðast nánar um viðkomandi þjóðir</li> <li>• Vettvangsferðir eru farnar á vinnustaði og stofnanir svo að börnin fái innsýn í atvinnulíf þess samfélags sem þau lifa í</li> <li>• Lestur bóka og heimsóknir í söfn gefa oft tilefni til vangaveltna um menningu annarra þjóða</li> </ul>

## Heilbrigði og vellíðan

„Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin.“

Úr aðalnámskrá leikskóla



„Í leikskóla ber að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja áherslu á:

- umhyggju,
- persónulega umhirðu,
- holla næringu,
- fjölbreytta hreyfingu,
- ögrandi og krefjandi útivist,
- slökun og hvíld,
- tilfinningalegt jafnvægi,
- jákvæð samskipti,
- félagsleg tengsl.“

Úr aðalnámskrá leikskóla

### Raddir foreldra – hvað viltu að barn þitt læri í leikskólanum – hvað er mikilvægt?

- Að barnið læri að koma vel fram við aðra, eins og þau vilja að komið sé fram við þau.
- Tileinki sér almenna borðsiði og prófi allan mat.
- Sjálfstraust.
- Líkamsvirðing.
- Kynnast mikilvægi tannumhirðu.
- Vera góð við líkama sinn – heilbrigði og hamingja.
- Venjist öllum mat og prófi allt.

### Raddir barna

„Til að við þurfum ekki bara að leika okkur úti.“

„Leikskóli er fyrir að leika.“

„Fara út að leika.“

„Að fara í salinn.“

„Af því ég er strákur og strákar og stelpur koma í leikskóla, ekki stóri bróðir og stóra systir.“

„Að hlaupa.“

„Labba.“

„Af því maður á að vera í leikskóla ef það er ekki frí í leikskólanum.“

„Læra að vera góður vinur.“





Í úttekt sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið segir m.a.: „Að heilbrigði og vellíðan barnanna er stuðlað með fjölbreyttum hætti. Auk heilbrigðra lífshátta með góðu mataræði, hvíld og hreinlæti er hreyfing mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Öll börnin fá útivist daglega þegar aðstæður leyfa, annað hvort í frjálsum leik eða með kennara sínum í hópastarfinu. Auk hreyfingar utandyra er aðstoða til hreyfingar barna innandyra. Þau hafa aðgang að leikstofum sem bjóða upp á grófhreyfingu, stórir kubbar sem reyna töluvert á vöðvastyrk standa þeim til boða og dans er reglulegur og mikilvægur áhersluþáttur í starfinu. Auk reglulegra söng- og dansstunda tvisvarsinnum í viku þar sem allir nemendur leikskólans koma saman er elstu börnunum boðið upp á dansnámskeið með danskennara.”

Stuðla á að heilbrigði og vellíðan leikskólabarna með því að leggja áherslu á:	Leiðirnar eru meðal annars:
Umhyggju	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekið er vel á móti hverju barni af kærleika og gleði</li> <li>• Virðing er borin fyrir hverjum einstaklingi</li> <li>• Hverju barni er gefinn sinn tími</li> <li>• Börnin eru hvött til að aðstoða hvert annað og sýna hvort öðru tillitssemi</li> </ul>
Persónulega umhirðu	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin eru hvött til að klæða sig í og úr sjálf</li> <li>• Börnum er kennt að þvo sér um hendurnar – myndrænt</li> <li>• Börnin fá leiðsögn og aðstoð við að hjálpa sér sjálf á salerninu</li> <li>• Börnin eru hvött til að borða sjálf og nota hnífapör</li> <li>• Tannverndarvikan er alltaf í jan./feb.</li> </ul>
Holla næringu	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Boðið er upp á mat úr öllum fæðuflokkum</li> <li>• Börnin eru hvött til að smakka allan mat</li> <li>• Börnunum er boðið að skammta sér sjálf</li> <li>• Gefinn er nægur tími til að matast</li> <li>• Samræður við matarborðið eru m.a. um hollustu matar</li> </ul>
Fjölbreytta hreyfingu	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Útivist á leikskólalóðinni</li> <li>• Göngu- og vettvangsferðir</li> <li>• Hreyfistundir í sal</li> <li>• Hreyfing eftir tónlist</li> <li>• Fín- og grófhreyfisvæði í vali</li> </ul>
Ögrandi og hvetjandi útivist	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Dagleg útivera í mismunandi veðrum og aðstæðum</li> <li>• Ýmsar vettvangsferðir, bæði lengri og skemmri</li> </ul>
Slökun og hvíld	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Eftir hádegisverð fara allir í hvíld og er misjafnt eftir aldri barnanna hvort þau sofni eða slaki á</li> <li>• Róleg tónlist, ævintýri eða sögulestur er í hvíldinni</li> </ul>
Tilfinningalegt jafnvægi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hjálpa börnum að koma orðum á tilfinningar sínar</li> <li>• Ræða um tilfinningar út frá bókalestri eða myndum – hvað vekur mismunandi tilfinningar</li> <li>• Fast dagskipulag eykur tilfinningalegt jafnvægi þar sem hvert barn lærir hvernig dagurinn gengur fyrir sig og verður þar með öruggara</li> </ul>
Jákvæð samskipti	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Jákvæður agi</li> <li>• Virk hlustun</li> <li>• Hrósa fyrir jákvæða hegðun</li> </ul>
Félagsleg tengsl	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lögð er áhersla á vináttuna, hjálpssemi og kærleika</li> <li>• Frjáls leikur er í hávegum hafður og ef börn eiga erfitt með að komast inn í leik fá þau aðstoð frá kennara</li> </ul>



## Sjálfbærni og vísindi

„Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksþorsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Út frá því er þeim kynntur nýr efniviður og hugmyndir. Þau eru spurð spurninga sem m.a. er ætlað að vekja þau til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta.“

Úr aðalnámskrá leikskóla



„Í leikskóla á að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir:

- umgengni sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi,
- hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun,
- hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni,
- margvíslegum auðlindum náttúrunnar,
- nýtingu náttúrunnar,
- upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga,
- stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum,
- lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra,
- eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu,
- eiginleikum ýmissa efna og hluta,
- möguleikum og takmörkunum tækninnar,
- rými, fjarlægðum og áttum.“

Úr aðalnámskrá leikskóla



### Raddir foreldra – hvað viltu að barn þitt læri í leikskólanum – hvað er mikilvægt?

- Að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.
- Læri að auðlindir séu ekki óþrjótandi t.d. vatn.
- Opinn hugur – hvað gerist næst – allt getur gerst?
- Fáir að vera forvitið og prófa sig áfram.

### Raddir barna

„Til að maður geti lært.“

„Leika mér.“

„Svo við þurfum ekki alltaf að vera heima.“

„Af því ég er 5 ára.“

„Af því að ég kom í dag.“

„Alls konar verkefni. Skemmtilegast er þegar ég er að fara í verkefni í hópastarfi.“

„Leika okkur með dót og kubba og kalla.“

„Leika og vera góð.“

„Lita, leika mér, fara í skólastundir.“



Í úttekt sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið segir m.a.: „Sjálfbærni og vísindi er eitt sterkasta námssvið Leikskólans í Stykkishólmi. Nálægð náttúrunnar í umhverfi leikskólans, umhverfismenntin og það hversu umhverfisverndar- og sjálfbærnisjónarmið eru samofin leikskólastarfinu vekur börnin stöðugt til umhugsunar um nýtingu auðlinda, nýtingu náttúrunnar, vistspor og virðingu fyrir lífverum. Skólinn ástundar matjurtarrækt bæði utanhúss og innan og börnin eru hvött til að tileinka sér könnunaraðferðir til þess að skilja og skynja umhverfi sitt. Börnin safna mat fyrir hænur í nágrenni leikskólans og fá egg í staðinn og í vettvangsferðum hafa verið gerðar tilraunir af ýmsu tagi.”

Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir:	Leiðirnar eru meðal annars:
Umgengni sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi	<ul style="list-style-type: none"> <li>Flokka rusl, endurvinna og endurnýta</li> <li>Ganga vel um umhverfið, kenna nöfnin á því og viðhalda nöfnum á gömlum kennileitum</li> <li>Nota göngustíga til að skemma ekki gróður að óþörfu</li> <li>Vekja virðingu og kærleika til náttúrunnar og læra t.d. að þekkja hvaða plöntur má tína og hverjar eru lengi að vaxa og ættu því að vera í friði</li> <li>Umgangast öll dýr af virðingu og viðurkenna tilgang þeirra</li> </ul>
Hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gróðursetja og rækta meira grænmeti</li> <li>Nýta betur það sem við eigum</li> <li>Nota umhverfismerktar vörur og versla í heimabyggð</li> </ul>
Hringrásur og fyrirbærum í náttúrunni	<ul style="list-style-type: none"> <li>Velja tré og fylgjast með því allt árið</li> <li>Skoða hringrás vatnsins</li> <li>Spá í skýin og skýjafarið</li> <li>Flóð og fjara</li> </ul>
Margvíslegum auðlindum náttúrunnar	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vatnið er sú auðlind sem flest börn þekkja – skoðuð er hringrás vatns og gerðar tilraunir</li> <li>Sjórinn</li> <li>Plöntur</li> </ul>
Nýtingu náttúrunnar	<ul style="list-style-type: none"> <li>Við nýtum vatnið og getum ekki verið án þess</li> <li>Við nýtum það sem við finnum í náttúrunni til sköpunar og rannsókna</li> </ul>
Upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga	<ul style="list-style-type: none"> <li>Upplýsa börnin um ástæður þess að við viljum og þurfum að ganga vel um</li> <li>Vera með upplýsingar fyrir börnin aðgengilegar og í fjölbreyttu formi s.s. bækur, myndir, texti og tákmyndir</li> </ul>
Stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum	<ul style="list-style-type: none"> <li>Notum kubba af öllum stærðum og gerðum</li> <li>Fjölbreytt úrval spila</li> <li>Numicon og verkefni elstu barnanna</li> </ul>
Lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fylgjast með t.d. smádyrum og fræðast um þau – allt hefur tilgang í hringrás náttúrunnar</li> </ul>
Eðli ýmissa krafta og birtingmyndum þeirra í umhverfinu	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tilrauna- og vísindaverkefni</li> <li>Veðurfar</li> <li>Árstíðir</li> <li>Flóð og fjara</li> </ul>
Eiginleikum ýmissa efna og hluta	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tilrauna- og vísindaverkefni</li> <li>Vatn í mismunandi formi</li> </ul>
Möguleikum og takmörkunum tækninnar	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vind- og vatnsorka</li> <li>Tölvur</li> </ul>
Rými, fjarlægðum og áttum	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tala um áttirnar í gönguferðum</li> <li>Skoða landakort og hnattlíkön</li> </ul>

## Sköpun og menning

„Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi leikskóla á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.“

Úr aðalnámskrá leikskóla



### Raddir foreldra – hvað viltu að barn þitt læri í leikskólanum – hvað er mikilvægt?

- Að þau fái að prófa sig áfram og finni sína styrkleika.
- Leikræn tjáning.
- Allir eru mikilvægir – öll menning er jafn mikilvæg.
- Læra að tjá sig með sköpun og virða aðra menningu.
- Syngja og dansa.

„Í leikskóla á að vera rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu þar sem börn:

- njóta þess að taka þátt í skapandi ferli,
- finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti,
- kanna og vinna með margvíslegan efnivið,
- nýta fjölbreytta tækni,
- kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum,
- læra texta og taka þátt í söng,
- skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu,
- njóta fjölbreyttrar menningar og lista,
- taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu,
- kynnast og vinna með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista.“

Úr aðalnámskrá leikskóla



### Raddir barna

„Til að leika sér.“

„Syngja mikið.“

„Lita og leika mér.“

„Svo ég geti leikið við vini mína.“

„Ég elska að föndra.“

„Svo við þurfum ekki bara að leika okkur heima.“

„Æfa mig að lita.“

„Til að læra og til að fara í hópastarf.“

„Að læra að lita og leika mér.“

„Leika mikið við vinkonu mína.“



Í úttekt sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið segir m.a.: „Sköpun og menning er samofin öllu starfi í Leikskólanum í Stykkishólmi. Börnin hafa fjölbreytt tækifæri til sköpunar í gegnum myndlist, tónlist, dans og sagnagerð. Arfleifð St. Franciskussystra felst meðal annars í nýtni og nægjusemi og fer sú arfleifð afar vel saman við skapandi starf og umhverfismennt. Börnin fá æfingu í að nýta verðlaust efni... til sköpunar og hefur skólinn lag á að gefa börnunum tækifæri til að nýta ímyndunarafl sitt og sköpunargleði. Tengsl leikskólans við menningu svæðisins er mikil... og nýtir skólinn þessi tengsl skólanum til framdráttar og auðgar í leiðinni nærsamfélag sitt.”

Leikskólabörn eiga að hafa rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu þar sem þau:	Leiðirnar eru meðal annars:
Njóta þess að taka þátt í skapandi ferli	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hvert barn fær tækifæri til að vinna að myndsköpun í hverri viku í fámennum hóp undir handleiðslu kennara</li> <li>Gott aðgengi er að ýmsum efnivið s.s. búningum, kubbum og verðlausu efni</li> <li>Þemavinna, hópastarf og val er umgjörð fyrir skapand starf og er könnunaraðferðin höfð að leiðarljósi</li> <li>Frjáls leikur</li> </ul>
Finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti	<ul style="list-style-type: none"> <li>Börnin fá að vinna úr sínum hugmyndum á sinn hátt án íhlutunar kennara</li> <li>Vinna barnanna er gerð sýnileg eftir aðstæðum</li> <li>Teknar eru myndir af verkferlum í vinnu barnanna</li> </ul>
Kanna og vinna með margvíslegan efnivið	<ul style="list-style-type: none"> <li>Í heimastofunum er ávallt aðgengilegur opinn efniviður og áhöld</li> <li>Í vettvangsferðum eru oft kveikjur að nánari vinnu með margskonar efnivið</li> <li>Könnunarleikur yngstu barnanna</li> </ul>
Nýta fjölbreytta tækni	<ul style="list-style-type: none"> <li>Börnin hafa tækifæri til að beita mismunandi aðferðum og tækni við sköpun sína s.s. mála, klippa, líma, leira, þrívídd, lágmyndir o.fl.</li> <li>Nýta tölvur, myndvarpa, skjávarpa, spjaldtölvur, myndavélar og hljóðnema</li> </ul>
Kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kenndar eru gamlar og nýjar vísur, þulur, þjóðlög, bullvísur og þematengd lög</li> <li>Hlustað er á sögur af hljóðbókum</li> <li>Verkefni eru unnin út frá rituðum textum, sönglögum, ljóðum, ævintýrum og sögum</li> </ul>
Læra texta og taka þátt í söng	<ul style="list-style-type: none"> <li>Daglega eru söngstundir á öllum deildum</li> <li>Sameiginlegar söngstundir allra deilda eru tvisvar sinnum í viku</li> </ul>
Skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aðgengi er að einföldum hljóðgjöfum</li> <li>Ýtt er undir sjálfsprottinn söng og dans</li> <li>Tónlist er fléttað inn í sjálfsprottinn leik barnanna</li> <li>Börn hafa gott aðgengi að búningum og brúðum</li> </ul>
Njóta fjölbreyttrar menningar og lista	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðlað er að samskiptum við starfsemi utan leikskólans og nýtingu umhverfisins til vettvangsferða og leikja</li> <li>Boðið er upp á tónleika, myndlistasýningar, leiksýningar o.fl.</li> <li>Ýmsir menningarviðburðir í bænum</li> </ul>
Taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu	<ul style="list-style-type: none"> <li>Myndlistasýning er haldin að vori</li> <li>Ýmsir viðburðir eru nýttir til að kynna börnunum menningu sína</li> <li>Tækifæri tengd Dönskum dögum og Norðurljóshátíð eru nýtt t.d. til að koma verkum barnanna að</li> </ul>
Kynnast og vinna með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista	<ul style="list-style-type: none"> <li>Safnaferðir og listasýningar, s.s. Leir 7, Smávinir, Vinnustofa Tang og Riis, Norska húsið, Tónlistarskólinn, bókasafnið, kirkjan, leikfélagið o.fl.</li> <li>Aðkeyptar leiksýningar</li> </ul>



## Leiðirnar í starfinu

**Nám barna** fer fram í öllu starfi leikskólans, hvort heldur er í **frjálsum leik**, **skipulögðu starfi** eða **daglegum athöfnum**. Grunnþættir menntunar, Barnasáttmáli SP, leiðarljós og námssvið leikskóla fléttast þar saman ásamt þeirri hugmyndafræði sem Leikskólinn í Stykkishólmi byggir á, áherslum, gildum og markmiðum. Leikskólinn er **lýðræðislegt lærdómssamfélag** þar sem **allir taka þátt í að móta** námsumhverfi leikskólans og **raddir allra fá að njóta sín**.

**Umhyggja** er rauði þráðurinn í samskiptum kennara og barna leikskólans. **Kennarinn er til staðar** fyrir börnin og sýnir nærveru sína með því að gefa af sér, taka eftir hverju barni og hlusta á þarfir þeirra og langanir. Með umhyggju er verið að umvefja barnið af **kærleika** án þess þó að skerða athafnaþrá þess og af **virðingu og gleði** er barnið örvað til dáða og því hjálpað að hjálpa sér sjálf.

Í leikskólanum eru **margin einstaklingar sem eru ólíkir og á mismunandi aldri**. Til að **allir fái að njóta sín** í leik og starfi þarf að **vera góður agi**. Í Leikskólanum í Stykkishólmi er unnið með **jákvæðan aga** þar sem áhersla er á að **stuðla að traustum tengslum, umhverfið er skipulagt** þannig að það ýti undir jákvæða hegðun og **markvisst er tilfinninga- og félagsfærni eflað**.

**Daglegar athafnir** leikskólans markast af föstum athöfnum þar sem verið er að sinna grunnþörfunum. Þetta eru **matmálstímar, salernisferðir, hvíld, að klæða sig í og úr, móttaka** (upphaf dagsins) og **kveðja** (lok dagsins). Í daglegum athöfnum eru börnin að gera tilraunir með að **gera sjálf**, þau **uppgötva getu sína** og verða **stolt af sigrum** sínum. **Hlutverk kennarans** er að hjálpa börnunum við að hjálpa sér sjálf, tileinka sér hreinlæti og ganga vel um. Þau eru hvött til að **hjálpa hvert öðru** og **aðstoða** við ýmsar daglegar athafnir. Í stórum hópi þarf að tileinka sér **samkennd og tillitssemi** þannig að allir fái notið sín og eru daglegar athafnir liður í að læra að tileinka sér þessa þætti. Ýmsar vangaveltur og samræður fara fram í daglegum athöfnum og eru þetta miklar **námstundir í hér og nú aðstæðum**.

Börnin fá margvísleg tækifæri til að njóta **samverustunda** og gleðjast með öðrum. Í samverustundum gefst tækifæri til **samræða** sem byggja á **opnum spurningum og virkri hlustun**. Þar eru **lesnar bækur** sem hæfa aldri og þroska barnanna, einnig eru **sagðar sögur og ævintýri**. Mikið er **sungið** og eykur hópsöngur samkennd barna. Í samverustundum gefst gott tækifæri til að **styrkja sjálfmynd og sjálfstraust barna** með því að bjóða þeim að **koma fram** fyrir hópinn til að tjá sig eða syngja.

**Málörvun** er í gangi í gegnum allt leikskólastarfið og er markvisst unnið að því að efla málvitund barnanna. **Lubbi finnur málbein** er námsefni sem flæðir markvisst um í öllu starfi. Þetta námsefni samanstendur af hundinum Lubba (brúða/tuskudýr), bók um hann, geisladisk, DVD, hljóðasmíðjum og veggspjöldum.

Virkt tvítyngi barna sem eru að læra íslensku sem annað mál verður þróað með fjölskyldum barnanna.

**Leikurinn er aðalnámsleið** barna og snýst því leikskóladagurinn um hann. Í leik endurskapa börnin **upplifanir sínar** og vinna þannig úr **reynslu sinni**. Í leik gera þau **tilraunir og prófa** sig áfram við ýmsar aðstæður. **Valið** er umgjörðin um frjálsa leikinn. Þar geta börnin valið um ýmis svæði innan deildar og viðfangsefni. **Flæðival** er að lágmarki einu sinni í mánuði og opnast þá öll svæði og deildar.

Í **skipulögðu starfi** er markvisst verið að auðga reynslu barna og þar með nám, í gegnum mismunandi hópastarf.

**Könnunarleikur** er hluti af námi **yngru** barnanna. Í könnunarleik eru börnin að **uppgötva** efniviðinn og umhverfið **á sínum forsendum** með því að nota **skilningarvit** sín og **eðlislæga** forvitni til að rannsaka og gera tilraunir. Efniviðurinn í könnunarleiknum er margskonar verðlaust efni s.s. dósir, kökubox, öskjur úr pappa eða tré, þvottaklemmur (gamaldags), ullardúskar, rör og pappahólkar, könglar, skeljar, svo eitthvað sé nefnt. Þessir hlutir bjóða upp á óþrjótandi möguleika og er engin ein lausn rétt.





**Eldri börnin** vinna eftir **könnunaraðferðinni**. Þá er **þema sem tengist áherslum** leikskólans, þ.e. **umhverfis- og náttúruvitund og sköpun og læsi** í víðum skilningi. Oft er þá bók valin sem kveikja og mun hundurinn Lubbi (úr námsefninu Lubbi finnur málbein) vera með í þeirri vinnu. Könnunaraðferðin er hugmyndafræði sem leggur áherslu á **að börnin leiði vinnuna** og þeirra áhugi og reynsla. Þegar búið er að kveikja áhuga á viðfangsefni er settur upp **hugmyndavefur** um allt það sem börnin vita um viðfangsefni. Í framhaldi af því er spáð í hvað þau **myndu vilja vita meira um og rannsaka**. Síðan er það **rannsóknarvinnan** og að lokum **túlka** börnin sína þekkingu með sinni sköpun. Börnin eru **virkir þátttakendur** í að móta nám sitt í könnunaraðferðinni, það myndast **lærdómssamfélag** þar sem þau læra hvort af öðru og allir fá að blómstra á sínum forsendum, þau kynnast **lýðræðislegum vinnubrögðum** með því að vinna í hóp og taka sameiginlegar ákvarðanir.

**Vettvangsferðir** eru hluti af hópastarfinu og **oft í tengslum við rannsóknarvinnu** tengdu því þema sem verið er að vinna með. Þessar ferðir geta verið um nánasta umhverfi eða farið um víðan völl í bæjarfélaginu, heimsóknir á söfn eða fyrirtæki, út í náttúruna eða í hesthús, allt eftir því hvert vinna barnanna stefnir.

Skroppið er í **gönguferðir** til að njóta veðurblíðunnar eða safna efnivið til sköpunar.

**Útinám** er þegar nám og leikur er færður út fyrir leikskólann með skipulögðum hætti. Valið er ákveðið svæði sem er **heimasvæði** og þar fer fram margskonar rannsóknarvinna, eins og að fylgjast með hvernig veðráttan hefur áhrif á umhverfið, hvaða lífríki er þarna, eru fuglar eða önnur stærri dýr á svæðinu. Áður en farið er á heimasvæðið koma börnin sér saman um þau **verkefni sem þau vilja vinna og hvaða gögn þurfa þá að vera með**. Kennarinn er með bakpoka með ýmsum gögnum s.s. stækkunarglerjum, vasaljósum, bókum og söngtextum og ýmsu fleiru sem tengist því viðfangsefni sem börnin ætla að rannsaka. Nesti og lítill sjúkrakassi er einnig með í för og auðvitað Lubbi og/eða verkefni sem tengjast honum.

**Ýmsar hefðir og hátíðir** hafa skapast í leikskólanum og er þá markvisst verið að brjóta upp hefðbundinn dag með ýmsum uppákomum. Þessar uppákomur eru stundum tengdar ákveðnum dögum sem eru hluti af íslenskri menningu eða hafa mótast í leikskólanum.

- Haldin er **afmælishátíð** síðasta föstudag í mánuði. Þá er verið að halda upp á afmæli þeirra sem áttu afmæli í viðkomandi mánuði.
- Í flestum mánuðum yfir vetrartímann eru **uppákomudagar** eins og til dæmis litadagar, rugludagur, heimsóknardagur o.s.frv.
- **Jólaundirbúningur** byrjar yfirleitt snemma. Þá er meðal annars **jólafondur foreldrafélagsins, kirkjuferð, jólaskólastund** þar sem er fönndrað og dregið í hlutverk fyrir helgileikinn sem er síðan æfður, **Litla lúdró** heldur tónleika í leikskólanum og **Litlu jólin**, þar sem helgileikurinn er sýndur.
- Haldið er upp á **bóndadaginn** með þorrablóti.
- Á **bolludaginn** eru snæddar bollur í hádeginu og síðdegishressingu.
- **Sprengidagurinn** er í heiðri haldinn með því að snæða saltkjöt og baunir.
- Á **öskudaginn** fara börnin í búningana sína sem þau hafa sjálf verið að hanna og skapa og dagurinn er brotinn upp með ýmsum hætti.
- **Sumarhátíð** er haldin daginn fyrir 17.júní og er grillað og farið í leiki.
- Verið er að skapa þá hefð að halda **þjóðahátíð** í samstarfi við foreldra erlendra barna.
- **Margir aðrir dagar** eru í heiðri hafðir eins og t.d. dagur læsis, dagur íslenskrar náttúru, alþjóðlegi bangsadagurinn, dagur íslenskrar tungu, dagur leikskólans og blár apríl – dagur einhverfu.
- Haldin er formleg **útskrift** að vori fyrir elsta árganginn.

Þetta er smá sýnishorn af þeim leiðum sem Leikskólinn í Stykkishólmi fer til að ná markmiðum sínum. Starf leikskólans þróast í samræmi við þá einstaklinga sem eru þar hverju sinni.

# Mat á námi og velferð barna

Í aðalnámskrá leikskóla segir meðal annars: „**Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á, hvað þau vita, geta og skilja. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn.**”



Í sameiginlega hluta aðalnámskrár er fjallað um **hugtakið hæfni** sem felur í sér **þekkingu, leikni og siðferðisleg viðhorf**, ásamt því að hæfni á að taka mið af aldri og þroska barna og markmiðum menntunar hverju sinni. **Námshneigðir** barna byggjast á samspili þessara þriggja þátta, það er þekkingar, leikni og siðferðislegra viðhorfa. Þetta samspil hjálpar börnum að **viðhalda forvitni sinni og þekkingarleit**. Námshneigðir barna próast með því að skoða, hlusta, gera, taka þátt í og ræða viðfangsefni sem þau eru þátttakendur í.

Í leikskólanum eiga börnin að öðlast **þekkingu** í gegnum leik og skapandi starf þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Þekking leikskólabarna **byggir á alhliða þroska þeirra, sjálfstæði, áhugasviði, þátttöku þeirra í leik úti og inni, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkrafti, ásamt tjáningu og samskiptum.**

**Leikni** felst í því hvernig börnin **beita þekkingunni** sem þau hafa öðlast í daglegu starfi leikskólans. Börnin æfa leikni sína, meðal annars með því að fást við þau viðfangsefni sem eru tilgreind í námssviðunum.

Leiðarljós aðalnámskrár leikskóla vísa veginn í mótun leikskólastarfsins, en þau byggja á faglegri þekkingu og **siðferðislegum viðhorfum** til barna. Þar er krafa um að leikskólar eigi að stuðla að því að börn **þrói með sér jákvæða sjálfsmýnd** með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings. Börn eiga að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem **taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska**, þannig að **trú þeirra á eigin getu** aukist og **hneigðir til náms eflist**.





Leikskólinn í Stykkishólmi leggur áherslu á skráningar og gegna þær stóru hlutverki í að meta nám og velferð barna sem dvelja þar hverju sinni. Þessar skráningar eru bæði einstaklingsskráningar þar sem fylgst er með hverju barni fyrir sig og hópaskráningar þar sem verið er að skrá vangaveltur og samstarf hópsins í ákveðnum verkefnum.

**Einstaklingsnámskrá** er gerð fyrir hvert barn og er hún unnin í samstarfi við barnið og foreldra þess. Einstaklingsnámskránni er skipt í eftirfarandi þætti:

- Um barnið: *Stutt umfjöllun um barnið í leikskólanum og bakgrunninn t.d. ef börnin eru nýflutt.*
- Kennarar í samstarfi við foreldra: *Styrkleikar og helstu áhugamál barnsins.*
- Kennari og barnið í samtali: *Kennari spjallar við hvert barn í einrúmi: Í hverju ertu góður/góð? Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Hvað langar þig að læra meira/betur í leikskólanum?*
- Kennari og foreldrar í samtali:
  - Barnið sjálft: *Sjálfsmynd, sjálfstæði, sjálfshjálp, tilfinningar, leikur, hreyfiproski, málþroski, mataræði og salernisvenjur.*
  - Barnið, hópurinn og samfélagið: *Félagsfærni, samskipti, samvinna, samkennd, umhverfisvitund, sannleikur, vinátta, lýðræði og jafnrétti.*
  - Barnið, sköpun og efniviður: *Skapandi hugsun, tónlist, dans, myndlist, leikræn tjáning, röðunarleikir með skapandi efnivið, leikir með orð, byggingarleikir.*
  - Barnið heima: *Hér koma foreldrar með markmið, t.d. aðkomu að starfinu í leikskólanum eða markmið sem eiga við heima.*

**Námsbók barnsins** er mappa sem heldur utan um nám barnsins og inniheldur hún einstaklingsnámskrá, einstaklingsskráningar, hópaskráningar, skráningar að heiman, viðtöl, gullkorn og margskonar verkefni sem barnið hefur unnið.

**EFI-2** er málþroskaskimun sem leikskólinn leggur fyrir börn á fjórða ári. Þessi skimun kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins. Tilgangurinn með fyrirlögninni er að efla þau börn sem á þurfa að halda.

**HLJÓM-2** er skimun sem kannar hljóðkerfisvitund barna og er lögð fyrir öll börnin í elsta árgangi leikskólans að hausti. Rannsóknir hafa sýnt fram á að bein tengsl eru á milli hljóðkerfisvitundar barna í leikskóla og lestrarnáms. Út frá niðurstöðum skimunarinnar er unnið markvisst með þá þætti sem koma ekki vel út.

## Sérkennsla – stoðþjónusta

Hvert barn á rétt á að fá nám við hæfi og að blómstra í samskiptum við önnur börn. Stundum þurfa börn sérkennslu einstaklingslega eða í litlum hópum vegna tilfinninga- eða félagslegra erfiðleika eða einhverra raskana í þroska. Leikskólinn í Stykkishólmi er skóli án aðgreiningar og bregst strax við með snemmtækri íhlutun. Í samstarfi við foreldra er síðan óskað eftir aðkomu sérfræðinga frá Félags- og skólajónustu Snæfellinga (FSSF). Þeir sérfræðingar sem koma reglulega með ráðgjöf í leikskólann eru sálfræðingur og talmeinafræðingur, jafnframt leggja þeir fyrir viðeigandi greiningartæki.

## Börn með annað móðurmál en íslensku

Lögð er áhersla á að vera með íslenskukennslu í leikskólanum, þar sem stuðst er við myndrænar upplýsingar og notað tákni með tali. Foreldrar eru hinsvegar hvattir til að efla móðurmálið heima.

Grunnorðaforðinn er markvisst kenndur á fjölbreyttan hátt í hér og nú aðstæðum. Jafnframt fá börnin sér málörvunartíma, ásamt möppu með myndum og táknum af þeim orðum sem þau eru að læra þannig að foreldrarnir geta rætt um orðin á þeirra móðurmáli.

# Fjölskyldan og leikskólinn

Í aðalnámskrá leikskóla segir meðal annars: „**Líðan barns í leikskóla er samvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna.** Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem **umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi.** Hvatt er til þátttöku fjölskyldna í leikskólastarfi og að byggt sé á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu **samstarfsaðilar.** Leitast skal við að hlusta eftir **sjónarmiðum foreldra og stuðla að áhrifum þeirra m.a. í gegnum foreldraráð leikskólans og þátttöku í innra mati.**”



**Allir sem starfa í leikskólanum skrifa undir þagnarheit sem varir ævilangt.** Mikil áhersla er á fullan trúnað um upplýsingar um börnin og fjölskyldur þeirra.

**Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að gæta þagmælsku og ræða ekki það sem þeir heyra eða sjá varðandi persónuleg málefni annarra barna en sinna í leikskólanum.**

**Áður en barn byrjar í leikskólanum er foreldrum boðið á kynningarfund þar sem starf leikskólans er kynnt.** Jafnframt er foreldrum boðið í **stutt viðtal** við deildarstjóra.

Mikilvægt er síðan að **aðlögunin gangi vel** og að lagður sé **öflugur grunnur að góðri samvinnu** á milli foreldra og leikskólans. Það er forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum, verði öruggt og njóti dvalarinnar í góðra vina hópi. Aðlögunin er **einstaklingsbundin** eftir aldri barnanna. **Þáttökuaðlögun** er á yngstu deild, þá eru foreldrar alveg með barni sínu í þrjá daga. Foreldrarnir eru þá inni á deild með börnum sínum og sinna þeim. Kennararnir eru einnig virkir í aðlöguninni. **Eitt af markmiðum góðrar aðlögunar** er að foreldrar kynnist kennurunum, starfinu í leikskólanum, öðrum börnum og foreldrum.

**Dagleg samskipti**, þegar foreldrar eru að koma með barn sitt í upphafi dags eða sækja í lok dags, eru mjög mikilvæg. Lögð er áhersla á að sýna foreldrum **virðingu, nærgætni og tillitsemi.** Foreldrar eru alltaf **velkomnir** í leikskólann og **að taka þátt** í leikskólastarfinu. Þess er einnig vænst að foreldrar sýni hvort öðru virðingu innan veggja leikskólans.

Það að foreldrar **séu vel upplýstir** um það starf sem er í leikskólanum skiptir miklu máli. Foreldrar fá því reglulega senda **tölvupósta** ásamt því að **heimasíða leikskólans** er mjög virk. Kappkostað er að foreldrar fái upplýsingar með þeim úrræðum sem leikskólinn hefur. **Túlkur** er kallaður til ef nauðsyn krefur. **Foreldrahandbók** er aðgengileg á heimasíðu leikskólans og hefur hún verið þýdd á pólsku.

**Karellen leikskólakerfið** verður innleitt á vorönn 2018 og verður góð viðbót til að auka samskiptin á milli heimilis og leikskóla.

**Foreldrafundir** eru einu sinni til tvisvar á ári. Á þeim er starf leikskólans kynnt nánar og stundum er fræðsla í boði fyrir foreldra.

**Opið hús, heimsóknardagar** og þess háttar uppákomur eru ár hvert. Er þeim ætlað að kynna leikskólastarfið og efla tengslin á milli leikskólans og aðstandenda barnanna.

**Foreldrakaffi** er einu sinni á ári, yfirleitt í kringum dag leikskólans sem haldinn er hátíðlegur um land allt þann 6.febrúar.



**Foreldraviðtöl** eru tvisvar á ári. Í viðtölunum er verið að ræða um **hvað barnið er að fást við og hefur áhuga á, hvað það veit, getur og skilur**. Fyrir viðtalið fá foreldrar **leiðbeiningablað** afhent til að undirbúa sig. Foreldrar þekkja börn sín best og með því að vera vel undirbúin fyrir viðtalið gefst þeim tækifæri til að **hafa mikil áhrif á nám barnsins**. Í sjálfu viðtalinu er lagður grunnur að **einstaklingsnámskrá** barnsins. Einnig er **námsbók barnsins** rædd í viðtalinu og foreldrar hvattir til að koma með skráningar að heiman í hana. Ávallt eru **foreldraviðtöl eftir skimanir**, eins og EFI-2 og HLJÓM-2. Foreldrar **geta alltaf óskað** eftir viðtali.

**Foreldrafélag** er starfandi við leikskólann og sér það um ýmsar aðkeyptar skemmtanir fyrir börnin og jólaföndur. Einnig er félagið vettvangur fyrir foreldra til að hittast og skiptast á skoðunum um leikskólamálið.

### Lög Foreldrafélags Leikskólans í Stykkishólmi

- Félagið heitir Foreldrafélag Leikskólans í Stykkishólmi. Félagsmenn eru foreldrar og forráðamenn barna í leikskólanum og ganga sjálfkrafa í félagið.
- Markmið félagsins er að tryggja sem best velferð barna í Leikskólanum í Stykkishólmi.
- Markmiði sínu hyggst félagið m.a. ná með eftirfarandi leiðum:
  - Að hvetja alla foreldra til þess að taka þátt í og hafa aukin áhrif á aðbúnað og störf leikskólans í fullu samráði við starfsfólk.
  - Að bjóða upp á fræðslufyrirlestra sem nýtast við uppeldi barna.
  - Að bjóða upp á afþreyingu og skemmtun til þess að lífga upp á tilveruna og byggja upp góðan félagsanda innan félagsins.
- Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi og skal skipuð 5 manns. Báðir foreldrar/forráðamenn sitja í stjórninni. Starfsfólk leikskólans á sér einn áheyrnarfulltrúa. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og kys formann, ritara og gjaldkera. Æskilegt er að ný stjórn skuli vera skipuð að minnsta kosti 2 fulltrúum úr fráfarandi stjórn.
- Aðalfundur skal haldinn árlega og vera til hans boðað með viku fyrirvara.
- Tillögur til lagabreytinga verða að hafa borist stjórn skriflega í síðasta lagi 5 dögum fyrir auglýstan aðalfund.
- Lagabreytingar ná því aðeins fram að ganga að 2/3 hlutar fundarmanna greiði þeim atkvæði.

**Foreldraráð** starfar samkvæmt lögum um leikskóla, í því sitja þrjú fulltrúar foreldra og leikskólastjóri. Foreldraráð er til ráðgjafar um skólanámskrá, skóladagatal og fleira er kemur að faglegu starfi leikskólans.

### Fjölskyldustefna Stykkishólmsbæjar – Frá vöggju til grafar

**Stykkishólmsbær** hefur sett sér ákveðna fjölskyldustefnu og eru **meginmarkmið** hennar eftirfarandi:

- Fjölskyldustefnunni er ætlað að vera tæki fyrir stjórnendur og stofnanir bæjarfélagsins og þeirra stofnana auk fyrirtækja og félagasamtaka, sem koma að velferð fjölskyldunnar á einn eða annan hátt, til að sinna skyldum sínum gagnvart íbúum bæjarfélagsins og til að byggja upp gott fjölskylduvænt samfélag sem stuðlar að auknum lífsgæðum.
- Fjölskyldustefnunni er ætlað að vera leiðarljós fyrir íbúa til að búa fjölskyldum sínum sem best skilyrði til velferðar og þroska.
- Fjölskyldustefnan á að skapa forsendur til þess að einstaklingar fái vaxið í heilsteypu umhverfi sem auðveldar þeim að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi.
- Fjölskyldustefnan á að auka virðingu, kurteisi, fræðslu (t.d. um fordóma og einelti) og samfélagslega ábyrgð við uppeldi barna.
- Fjölskyldustefnan á að stuðla að fræðslu til foreldra og barna þ.m.t. fræðslu til barna um foreldra sem eru fullorðnir eða haldnir sjúkdómum (fræða foreldra um börn og börn um foreldra). Hún á einnig að styðja við uppeldishlutverk foreldra enda eru foreldrar mestu áhrifavaldar í lífi barna sinna.
- Fjölskyldustefnan á að stuðla að því að nýjum íbúum sveitarfélagsins sé vel tekið og að ákveðin viðbrögð fari í gang þegar nýjir íbúar flytjast til bæjarins.
- Fjölskyldustefnan á að tryggja að allir fullorðnir íbúar Stykkishólmsbæjar séu meðvitaðir um samfélagslega ábyrgð við uppeldi barna.
- Starfsmenn og íbúar Stykkishólmsbæjar hafi fjölskyldustefnuna að leiðarljósi og sýni börnum jafnt sem fullorðnum, tilhlýðilega virðingu og kurteisi.
- Fjölskyldustefnan á að gera öldruðum kleift að búa við fullt sjálfstæði eins lengi og kostur er.

# Tengsl skólastiga

Í aðalnámskrá leikskóla segir meðal annars: „**Skólaganga** barna á að **mynda samfellda heild** þannig að **reynsla og nám** barna á fyrri skólastigum **nýtist þeim á næsta skólastigi**. Mikilvægt er að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna, til að **skapa öryggi og ný námstækifæri**.”



**Elsti árgangur leikskólans** vinnur að **sérverkefnum** í svokölluðum skólastundum. **Markmið** þessarar vinnu er meðal annars að:

- *brúa bilið á milli skólastiganna og aðlaga börnin auknum kröfum í skólakerfinu, lengja úthald og einbeitingu,*
- *börnin læri að vinna saman í hópi jafnaldra,*
- *efla málvitund barna, auka orðaforða og málskilning,*
- *efla stærðfræðiþekkingu barnanna og talnaskilning þeirra,*
- *börnin læri vönduð og sjálfstæð vinnubrögð og öðlist lífsleikni,*
- *börnin læri að taka tillit hvert til annars, bíða, hlusta, tjá sig í hóp og fari eftir fyrirmælum,*
- *börnin öðlist færni og öryggi í því að gera grein fyrir sér fyrir framan hóp,*
- *börnin læri að skrifa og þekkja nafnið sitt, helstu form og hugtök, tölustafi frá 1-5 og læri rétt blýantsgrip.*

**Náið samstarf** er á milli kennara elsta árgangsins í leikskólanum og 1. bekkjar grunnskólans, til þess að sem mest samfella náist í námi þeirra. **Helstu samstarfsverkefni eru eftirfarandi:**

- Þrjár heimsóknir eru yfir veturinn:
  - Öll börnin í elsta árgangi leikskólans fara saman í september yfir í grunnskólann. Skólastjórinn tekur á móti þeim og sýnir húsnæði skólans, kynnir þau fyrir starfsfólki og litið er inn í kennslustofu.
  - Tvær „skiptinemaheimsóknir“ eru á milli elsta árgangs leikskólans og 1. bekkjar grunnskólans, þar sem börnin dvelja í um 2 klst í senn.
  - Heimsókn er einnig í Tónlistarskólann.
- Sameiginleg kirkjuferð er í desember, þar sem 3. bekkur sér um helgileik.
- Sameiginlegar leiksýningar eru af og til.
- Elsta árgangi leikskólans er boðið á lokaæfingu fyrir árshátíð grunnskólans í mars.
- Nemendur Tónlistarskólans og Litla-lúðró koma reglulega yfir veturinn og halda tónleika í leikskólanum.
- Væntanlegur kennari 1. bekkjar kemur í heimsóknir í skólastundir leikskólans að vori. Ásamt því að kennari leikskólans fylgir 1. bekk eftir að hausti í grunnskólann ef börn með sérkennslu eru í hópnum.
- Vorskóli er haldinn fyrir elsta árgang leikskólans og þau taka þátt í skólaslitum grunnskólans.
- Við útskriftina í leikskólanum er væntanlegum kennara þeirra í 1. bekk boðið og honum afhent mynd sem börnin hafa útbúið í sameiningu. Myndin er svo sett upp á vegg í kennslustofunni og bíður þeirra þegar þau mæta næsta haust.
- Skilafundur er í júní hvert ár.

## Samstarfsaðilar



**Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga** sér um sérfræðiþjónustu fyrir leikskólann. Reglulegir fundir eru með talmeinafræðingi og sálfræðingi.

Samstarf er við **leikskólana á norðanverðu Snæfellsnesi** og funda meðal annars leikskólastjórnir reglulega yfir vetrarmánuðina.

Annað hvert ár er sameiginlegt skólamálaþing **allra grunn- og leikskóla á Snæfellsnesi**.

Gott samstarf er við **Grunnskólann í Stykkishólmi** og eru margar sameiginlegar uppákomur, ásamt því að markvisst er unnið að því að brúa bilið á milli skólastiga.

**Tónlistarskólinn** er í góðu samstarfi við leikskólann og eru gagnkvæmar heimsóknir reglulega yfir veturinn.

Leikskólinn á í góðu samstarfi við **Amtsbókasafnið og Norska húsið**.

Á hverju ári er farið í **kirkjuna** fyrir jólin og sjá 3. bekkingar í grunnskólanum um að sýna helgileikinn.

Að minnsta kosti einu sinni á ári fer hópur leikskólabarna á **dvalarheimilið** að syngja.

Á heildina litið þá er gott samstarf við **bæjarfélagið í heild**, allir taka vel á móti leikskólabörnum þegar þau eru í vettvangsathugunum í tengslum við þemavinnuna sína.



# Mat á skólastarfi

Í aðalnámskrá leikskóla segir meðal annars: „**Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.**”



## Innra mat

**Deildarstjórar** funda vikulega með leikskólastjóra, **deildarfundir og starfsmannafundir** eru haldnir reglulega yfir árið. Á þessum fundum eru **mismunandi þættir starfsins metnir** og gerðar breytingar í samræmi við það.

Á **skipulagsdögum** er starfið skipulagt og þá **út frá mati** sem hefur verið unnið. Oft eru í tengslum við það haldin námskeið eða fengin fræðsluerindi.

**Heildarmat** á vetrarstarfinu er síðan framkvæmt að vori á starfsmannafundi.

Við **innra matið** eru notaðir **ýmsir mats- og gátlistar** er varða **samskipti, starfið, efnivið og aðstæður**. Má þar nefna heimagerða lista, ECKERS-kvarðann og gátlista varðandi áhrif virknimats og stuðningsáætlunar á hegðunar- og tilfinningalega erfiðleika. Jafnframt er lagt fyrir börn á fjórða ári EFI-2 og elsta árganginn HLJÓM-2, niðurstöður þeirra skimana geta kallað á breytingar á starfinu.

## Ytra mat

**Rekstraraðili leikskólans** er Stykkishólmsbær og hefur hann eftirlit með því að hann starfi samkvæmt lögum um leikskóla, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. **Skólanefnd** fjallar um málefni leikskólans. Ytra mat er yfirleitt framkvæmt í formi kannana sem lagðar eru fyrir starfsmenn og foreldra.

**Utanaðkomandi aðilar** hafa verið fengnir til að koma að ytra mati, sbr. þegar skólastefna Stykkishólmsbæjar var í mótun.

**Mennta- og menningarmálaráðuneytið** vann síðast útekt á Leikskólanum í Stykkishólmi 2011. Vitnað er í þá útekt hér í skólanámskránni í umfjölluninni um hvert námssvið.





## Að lokum

Í aðalnámskrá leikskóla segir meðal annars: „**Skólanámskráin** er því eins konar **sáttmáli** um hvaða leiðir hver leikskóli ætlar að fara í starfsaðferðum og samskiptum til að efla menntun barna og stuðla að starfsþróun og fagmennsku innan leikskólans. Leikskólar gera **starfsáætlun** þar sem fjallað er um **árlega starfsemi leikskólans**, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggis- og slysavarnamála eftir því sem við á”

**Ársskýrsla Leikskólans í Stykkishólmi** er gefin út á hverju ári, en þar er yfirlit yfir ákveðna þætti í starfi síðasta árs.

Ekki hefur verið gefin út **starfsáætlun** en í samræmi við lög um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla verður hún þróuð í samstarfi við skólanefnd Stykkishólmsbæjar og leikskóla á norðanverðu Snæfellsnesi. Í starfsáætluninni verður meðal annars **nánari útfærsla** á því hvernig leikskólinn starfar eftir skólanámskránni, aðalnámskrá leikskóla og lögum um leikskóla.

Að lokum skal einnig bent á að Leikskólinn í Stykkishólmi tók virkan þátt í að móta **Skólastefnu Stykkishólms**. Jafnframt má finna á heimasíðu leikskólans **læsisstefnu leikskólans**, **forvarnarstefnu**, **jafnréttisáætlun** og **viðbragðsáætlun**.







Helstu stuðningsritin við gerð skólanámskrár Leikskólans í Stykkishólmi eru m.a.:

- Aðalnámskrá leikskóla <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/>
- Lög um leikskóla og reglugerðir <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>
- Þemaheftin um grunnþættina og námsmat
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna <http://www.barnasattmali.is>
- Skólastefna Stykkishólms <http://stykkisholmur.is/library/Skrar/Stefnur-og-aaetlanir-samthykktar-af-baejarstjorn/Skólastefna%20Stykkishólmsbæjar%202016%20lagfærð.pdf>
- Frá vöggju til grafar – Fjölskyldustefna I Stykkishólmi 2010 - 2014  
[http://www.stykkisholmur.is/library/Skrar/Stefnur-og-aaetlanir-samthykktar-af-baejarstjorn/Skra\\_0042162.pdf](http://www.stykkisholmur.is/library/Skrar/Stefnur-og-aaetlanir-samthykktar-af-baejarstjorn/Skra_0042162.pdf)
- Úttekt á Leikskólanum í Stykkishólmi 2011. Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Heilbrigðisþjónusta í 60 ár St. Franciskusspítali Stykkishólmi 1996 [http://hve.is/Files/Skra\\_0042204.pdf](http://hve.is/Files/Skra_0042204.pdf)
- Helm, Judy Harris og Lilian Katz. 2001. *Young Investigators The Project Approach In The Early Year*



## Leikskólinn í Stykkishólmi

Búðanesvegi 2  
340 Stykkishólmi

<http://leikskoli.stykkisholmur.is>  
[leikskoli@stykkisholmur.is](mailto:leikskoli@stykkisholmur.is)

Sími: 433 8128